

Fundargerð stjórnar BÍS 07/2011.

Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123, miðvikudaginn 16. mars 2011 kl. 17:30

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Hallfríður Helgadóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Margrét Vala Gylfadóttir, formaður fræðslaráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskráráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

Gestir:

Sigurþór Ch. Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi, KPMG, undir lið 3.
Björn Hilmarsson og Unnur Flygenring, fulltrúar vinnuhóps um fullorðna í skátastarfi, undir lið 8.

Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn og gesti velkomna.
2. Fundargerð síðasta fundar: Samþykkt
3. Starfsyfirlit og fundargerðir: Starfsyfirlit skrifstofu, alþjóðaráðs, aðalfundur Úlfjótsvatnsráðs, fundargerð afmælisársnefndar, lágu fyrir.
4. Ársreikningar BÍS: Endurskoðandi BÍS fór yfir helstu tölur í ársreikninginum og sagði stöðuna góða og bókhald og framsetningu reikninga skýra.
5. Erindi frá Skf. Segli: Stjórn BÍS samþykkir erindi frá stjórn Seguls um sameiginlega ábyrgð hennar á starfi félagsins gagnvart BÍS.
6. Á réttri leið: Skf. Vífill og Skf. Hraunbúar hafa skilað inn gögnum vegna gæðamatsverkefnisins *Á réttri leið*. JIB falið að fara yfir innsend gögn og meta hvort þau uppfylla þær kröfur sem gerðar eru.
7. Inntaka nýrra skátafélaga:
 - a. Skátafélagið Hafernir hefur hafið starfsemi á ný eftir nokkurt hlé og óskar eftir því að verða aðili að BÍS að nýju. Stjórn BÍS fagnar því að félagið sé aftur komið til starfa. Samþykkt að leggja til við Skátaping að Hafernir fái inngöngu.
 - b. Skátafélagið Smiðjuhópurinn hefur endurnýjað umsókn sína um aðild að BÍS. Stjórn BÍS fagnar áhuga þeirra á að starfa innan raða BÍS, en meirihluti stjórnar BÍS er enn þeirrar skoðunar að eðlilegra sé að félagið óski eftir aukaaðild. Samþykkt að óska umsagnar stjórnar Skátasambands Reykjavíkur sbr. 13. grein laga BÍS.
8. Fullorðnir í skátastarfi: Vinnuhópur kynnir niðurstöður sínar: Fulltrúar vinnuhópsins kynntu helstu niðurstöður hópsins og þakkaði stjórn hópsnum vel unnið starf og trúir því að þetta skjal muni nýtast skátafélögunum til þess að vinna markvissar að því að stækka þann hóp sem styður við starf ungu skátanna í félögunum.
9. Önnur mál:
 - a. Hamfarir í Japan: BÍS hefur sent skátabandalögum í Japan samúðarkveðjur.
 - b. Skátaping:
 - i. Nefndir og starfsmenn Skátapings: Farið var yfir tillögur stjórnar að þingforsetum, ritara, kjörnefnd og allsherjarnefnd.
 - ii. Framboð: Tvö framboð hafa verið dregin til baka: Sigurður Már Ólafsson hefur dregið framboð sitt til aðstoðarskátahöfðingja til baka vegna þess að honum hefur boðist að fara í starfsþjálfun erlendis. Arnar Úlfarsson hefur dregið framboð sitt í dagskráráð til baka.

- iii. Siðareglur BÍS: Samþykkt að leggja fyrirleggjandi drög að siðareglum fyrir Skátaþing.
- iv. Stjórnarfundur: Boðað er til fundar fráfarandi og viðtakandi stjórna BÍS strax að loknum slitum Skátaþings, fundurinn fer fram á þingstað.
- v. Þakkir: Margrét Vala Gylfadóttir, þakkaði stjórnarmönnum samstarfið undanfarin ár og fékk þakkir og árnaðaróskir til baka.

Fleira ekki rætt
Fundu slitið kl. 20:40
Fundargerð ritaði JA